

RÝNENDUR 2016

Ann-Christin Bertrand

Ann-Christin Bertrand, sýningarstjóri og umsjónarmaður „Young, contemporary art positions“ hjá C/O Berlin, Þýskalandi.

Ann-Christin þróaði hina nýju sýningargerð *Thinking about Photography* og heldur utan um *Talents* prógrammið. Hún vinnur einnig hugmyndavinnu sem fyrst og fremst snýr að spurningum um framtíð miðilsins í formi fyrirlestra, námskeiða og dómnefndavinnu og vinnur að leiðum til að opna fyrir umræður. Nýjasta afurð þessarar vinnu er sýningasjóðurinn OUTSET/UNSEEN hjá FOAM ljósmyndasafninu í Amsterdam við Aalto lista og hönnunarháskólann í Helsinki og Academy of Media Arts í Köln.

Ann-Christin hefur áhuga á að skoða listræna nálgun í ljósmyndun. Hún er einnig opin fyrir öllum öðrum mismunandi tegundum miðilsins.

Louise Clements

Listrænn stjórnandi QUAD og alþjóðlegu ljósmyndahátíðinnar FORMAT í Derby, Bretlandi.

Louise Clements hefur gegnt stöðu listræns stjórnanda QUAD, miðstöðvar fyrir samtímalist, kvikmyndir og nýja tæknimiðla í Derby í Englandi frá árinu 2001 og hefur verið listrænn stjórnandi alþjóðlegu ljósmyndahátíðarinnar FORMAT frá árinu 2004. Sem sjálfstæður sýningarstjóri frá árinu 1998 hefur hún haft frumkvæði að og komið á fót nefndum, útgefnu efni, fjöldaviðburðum, list-, kvikmynda- og ljósmyndasýningum. Hún á sæti í dómnefndum, er ljósmyndarýnandi, hefur haft umsjón með námskeiðum, haldið fyrirlestra og átt sæti í dómnefndum víðsvegar um Evrópu, Ameríku og Asíu.

Nýlegustu verkefni hennar sem gestasýningastjóri eru: Photoquai Biennale (París, 2015); Christophe Guye 2020vision (Sviss, 2015); Les Rencontres Arles, Discoveries (Frakkland, 2015); Hamburg Photo Triennial (Container City, Þýskaland 2015); Obscura Festival (Malasía, 2015); Feneyjartvíæringurinn, EM15 (2015); Slideluck Rome (Ítalía, 2015). Hún skrifar fyrir bækur og tímarit, gestaritstjóri fyrir OjodePez (Ítalía), HijackedIII (Ástralía), PhotoCinema (Bretlandi), South Korean Photography Magazine. Ritstjóri Large for 1000 Words www.1000wordsmag.com. Ráðgjafi WYNG Master Awards í Hong Kong og the Artists Pension Trust.

Louise langar að hitta ljósmyndara sem hafa áhuga á að ræða hugmyndir. Hún er opin fyrir að skoða verk á öllum þróunarstigum, allt frá heimildar-, blaðaljósmynda-, arkíf, „ljósmyndir sem list“ innsetningar og samtíma/frásagnarljósmyndun, þar með talin vídeó og gjörningar.

William Ewing

William A. Ewing, sýningarstjóri og höfundur ljósmyndabóka og greina.

William Ewing var sýningarstjóri ICP (International Center of Photography) í New York á árunum 1977 til 1984 og frá 1996 til 2010 stýrði hann Musée de l'Élysée í Lausanne í Sviss. Sýningar hans hafa verið settar upp víðsvegar á mörgum söfnum í Bandaríkjunum og Evrópu. Þar á meðal Museum of Modern Art í New York, Centre Pompidou í París, í Hayward Gallery og Serpentine Gallery í London, Kunsthaus Zürich og Montreal Museum of Fine Arts. Hann er höfundur fjölda ljósmyndabóka, þar á meðal Arnold Newman: Masterclass, The Unseen Eye, reGeneration 2: Tomorrow's Photographers Today, Edward Steichen: In High Fashion, Face: The New Photographic Portrait, reGeneration: 50 Photographers of Tomorrow and The Body, allar gefnar út af forlaginu Thames & Hudson.

Nýjasta bók hans Landmark: The Fields of Landscape Photography, er gefin út í kjölfar stórrar sýningar sem haldin var í Somerset House árið 2013 og hlaut gríðarlegt lof gagnrýnanda. William Ewing var sýningastjóri hennar og hún var skipulögð af The Positive View Foundation.

Gösta Flemming

Rithöfundur og útgefandi sænsku ljósmyndabókaútgáfunnar JOURNAL. Ritstjóri Fotografisk Tidskrift til 20 ára .

Gösta Flemming efur gefið út ljósmyndabækur margra af fremstu ljósmyndara Svíþjóðar í yfir 20 ár. Journal er sænsk bókaútgáfa sem sérhæfir sig í ljósmyndabókum og er starfrækt af sænska ritstjóranum og hönnuðinum Gösta Flemming. Frá stofnun hennar árið 1991 hafa um 110 titlar verið gefnir út. Þekktustu bækurnar eru bækur með verkum skandinavískra ljósmyndara á borð við Lars Tunbjörk, JH Engström, Anders Petersen, Kent Klich og fleirum. Bókin Centennium — Fotografi Sverige, del 1 (Photography in Sweden, part 1): 1895 - 1974 kom út árið 2007.

Býr og starfar í Stokkhólmi og Grebbestad.

Nina Grundemark

Eigandi og stjórnandi Grundemark Nilsson Gallery í Berlín, Þýskalandi.

Nina Grundemark er eigandi og stjórnandi Grundemark Nilsson Gallery í Berlín í Þýskalandi. Áður átti hún og var stjórnandi ljósmyndagallerísins Photo Gallery ikon í Stokkhólmi, Svíþjóð. Hún starfar einnig sjálfstætt sem sýningarstjóri og fyrirlesari.

Nina hefur verið sýningastjóri margra einka- og samsýninga, t.a.m. stýrt opinberri veislu eftir Nóbelsverðlaunaafhendinguna, Nobel Night Cap í Svíþjóð árið 2010, sýningunni Kiasma eftir Fredrik Sjöberg sem sett var upp í dómkirkjunum í Uppsölum og Karlstad árið 2010, auk annarra verkefna. Nina Grundemark nam við Konstfack, Háskólann í Södertörn, Stokkhólmsháskóla og Kulturama í Svíþjóð.

Nina kys að rýna konseptlist en hefur einnig áhuga á heimilda- og tískuljósmyndun ef söguþráðurinn er áhugaverður.

Robert Lyons

Stjórnandi International Low-Residency MFA í ljósmyndun við Hartford háskóla, Bandaríkjunum.

Robert Lyons býr og starfar í Berlín, Þýskalandi og í Vestur-Massachusetts í Bandaríkjunum. Hann hefur kennt víða við ýmsar stofnanir í Bandaríkjunum og Evrópu t.a.m: Emily Carr College of Art & Design, Washington-háskóla, Photographic Center Northwest, International Center of Photography og Ostkreuzschule ljósmyndaskólann í Berlín.

Robert lauk M.F.A. gráðu frá Yale University árið 1979. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, þar á meðal: NEA (The National Endowment for the Arts) rannsóknarstyrk, styrki frá Ford stofnuninni og MacDowell vinnustofudvöl árið 2009.

Verk hans hafa verið sýnd víða í Bandaríkjunum og Evrópu og eru að finna í fjölmörgum safneignum t.a.m: The Metropolitan Museum, Seattle Art Museum og Washington-háskóla – Henry Art Gallery, Microsoft samsteypunni, Hallmark Collection of Photography, Nelson–Atkins Museum og Beth Hatefutsoth Museum of the Diaspora, Tel Aviv, Ísrael.

Bækur sem komið hafa út eftir hann eru: Egyptian Time, Doubleday – 1992, Another Africa, Bantam Dell Doubleday– 1998, The Company of Another, – Galerie Michael Schultz, Berlín – 2003, og Intimate Enemy: Voices and Images from the Rwandan Genocide – Zone Books 2006.

Alla Räisanen

Sýningarstjóri og stjórnandi Northern Photographic Centre í Oulu, Finnlandi.

Alla Räisanen hefur starfað sem stjórnandi og sýningarstjóri Northern Photographic Centre frá árinu 1999. Hún er með doktorsgráðu í hugmyndasögu og hefur sérhæft sig í kynjasögu. Hún hefur verið sýningarstjóri á ýmsum ljósmyndasýningum, jafnt í Finnlandi sem á erlendri grundu og er með sérstakan áhuga á norrænni ljósmyndun.

Hún hefur umsjón með Finland-Frakkland vinnustofudvalar prógramminu og The Nordic Photographic Network (NPN). Núverandi stofnanir eru meðlimir í NPN eru Galleri Image frá Árósum, The Northern Photographic Centre frá Oulu, Centrum För Fotografi frá Stokkhólmi, Fotogalleriet frá Osló, Forbundet Frie Fotografer frá Osló og Fotografisk Center frá Kaupmannahöfn.

Alla er einnig vara-stjórnarmeðlimur í ráðgjafanefnd Finnlands um sjónrænar listir og meðlimur í ráðgjafanefnd ljósmyndunar hjá Kynningarmiðstöð finnskrar myndlistar.

Einar Falur Ingólfsson

Myndstjóri Morgunblaðsins á árunum 1995 til 2007 og núverandi umsjónarmaður menningarefnis í blaðinu.

Einar Falur Ingólfsson er bókmenntafræðingur að mennt og með MFA gráðu í ljósmyndun frá School of Visual Arts í New York. Ljósmyndaverk Einars Fals hafa verið á fjölda sýninga á Íslandi og erlendis og birst í bókum, tímaritum og dagblöðum víða um lönd. Hann hefur meðal annars skapað ljósmyndafrásagnir í Indlandi, Kína, Bólivíu, Perú, Bandaríkjunum, Kanada, Armeníu, Ástralíu og Færeyjum.

Einar Falur hefur um árabíl kennt í Ljósmyndaskólanum í Reykjavík og reglulega við Listaháskóla Íslands; undanfarin ár kenndi hann á alþjóðlegum námskeiðum í Reykjavík með vini sínum, bandaríska ljósmyndaranum Mary Ellen Mark, og síðan hún féll frá í vor sem leið hefur hann kennt með Ragnari Axelssyni (RAX). Hann hefur myndstýrt mörgum ljósmyndabókum og haldið fyrirlestra um ljósmyndum og myndlist víða um lönd. Þá hefur hann verið sýningarstjóri sýninga með ljósmyndaverkum sem settar hafa verið upp á Íslandi og meginlandi Evrópu.

Síðustu átta ár hefur Einar Falur einbeitt sér að viðamiklum persónulegum ljósmyndaverkefnum sem hann myndar á stórformats-myndavél.

Meðal bóka Einars Fals eru Sögustaðir - Í fótspor W.G. Collingwood, sem var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna, Úrvalið, um íslenska ljósmyndasögu, og Án vegabréfs, bók með ferðasögum og ljósmyndum. Þá er hann höfundur margra bóka um fluguveiði og íslenska náttúru.

<http://www.efi.is>

Birta Guðjónsdóttir

Deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands.

Birta er deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands. Fyrr á árinu 2015 stýrði hún, ásamt þremur öðrum, Momentum-Norræna tvíæringnum í samtímamyndlist í Moss, Noregi. Á árunum 2009-2011 var hún stjórnandi Nýlistasafnsins í Reykjavík og frá 2008-2009 listrænn stjórnandi sýningarýmisins 101 Projects í Reykjavík. Árið 2008 vann hún sem aðstoðarmaður sýningarstjóra á MuHKA; Museum of Contemporary Art í Antwerpen, Belgíu. Hún tók þátt í Nordic Baltic Curatorial Platform verkefninu, skipulagt af FRAME í Finnlandi á tímabilinu 2007-2008. Hún vann sem sýningarstjóri í SAFNI, samtímalistasafni í einkaeigu í Reykjavík frá 2005-2008.

Birta hefur verið sjálfstæður sýningarstjóri um þrjátíu sýninga í Berlín, Boden, Kaupmannahöfn, Osló, Melbourne, New York, St. Pétursborg og í flestum listasöfnum og listrymum á Íslandi. Árið 2011 tók hún þátt í Curatorial Intensive program hjá ICI; Independent Curators International í New York og The Cornwall Workshop, skipulagt af Tate Museum St. Ives. Hún hefur verið í ráðgjafanefndum hjá Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Listaháskóla Íslands. Frá 2002 hefur hún starfrækt heimagalleríið Gallerí Dvergur í Reykjavík. Hún er meðlimur í IKT – Alþjóðlegum samtökum sýningarstjóra samtímalistar (International Association of Curators of Contemporary Art.)

Kristján B. Jónasson

Eigandi og ritstjóri bókaútgáfunnar Crymogeu sem sérhæfir sig í útgáfu listaverkabóka. Kristján er einnig fyrrum formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Inga Lára Baldvinsdóttir

Safnvörður Ljósmyndasafns Íslands (Þjóðminjasafni).

Inga Lára Baldvinsdóttir hefur starfað við ljósmyndavarðveislu í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni í aldarfjórðung. Á þeim vettvangi hefur hún unnið að ljósmyndasýningum, gefið út og ritstýrt ljósmyndabókum og skrifað greinar um íslenska ljósmyndasögu.

Inga Lára hefur áhuga að skoða flestar tegundir ljósmyndunar.

Ágústa Kristófersdóttir

Forstöðumaður Hafnarborgar, menningar og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar.

Ágústa starfaði sem framkvæmdastjóri Safnaráðs og áður sem sýningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands og deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Reykjavíkur. Hún hefur einnig unnið við kennslu, sem stundakennari og leiðbeinandi við Listaháskóla Íslands, stundakennari við Háskóla Íslands og Ferðamálastólakóla Íslands.

Hennar helstu sýningarstjórnunarverkefni eru: Maður og borg, 2001. Byggt yfir hugsjónir. Breiðholt frá hugmynd að veruleika, 2002. Ég gerði þetta ekki. Þorvaldur Þorsteinsson (einnig í Göteborgs Konsthall), 2004. Láttu ekki viðkvæmt útlit mitt blekkja þig. Bjargey Ólafsdóttir, 2005. Hvernig borg má bjóða þér? 2005. (allar í Listasafni Reykjavíkur) Send í sveit, 2007. Með tyggjó og túberað hár, 2007. Ljósmyndari Mývetninga – mannlífsmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar 2011, Kistlar og stokkar, 2011. Ásfjall, Pétur Thomsen, 2011. Tízka – kjólar og korselett, 2012 (allar í Þjóðminjasafni Íslands).

Ágústa er með MA gráðu í safnafræði frá Háskóla Íslands, nam listfræði við Háskólann í Lundi og BA próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands.

Brynja Sveinsdóttir

Sýningarstjóri og verkefnastjóri hjá Gerðarsafni Listasafni Kópavogs.

Brynja lauk alþjóðlegu meistaranámi í sýningarstjórnun við Stokkhólmsháskóla árið 2014. Hún lauk einnig meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands árið 2011 en árið 2010 hlaut hún BA-gráðu í listfræði með heimspeki sem aukagrein við Háskóla Íslands. Brynja starfaði sem verkefnastjóri sýninga og safnfræðslu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur sumarið 2014 og var sýningarstjóri samsýningarinnar Verksummerki: Huglæg og persónuleg samtímaljósmyndun við sama safn sumarið 2015. Þar áður starfaði hún tímabundið hjá Moderna Museet í Stokkhólmi sem aðstoðarmaður sýningarstjóra í kjölfar starfsnáms hjá safninu.

Brynja hefur áhuga á að skoða listræna nálgun í ljósmyndun og þá sérstaklega að sjá verk ungra/nýútskrifaðra ljósmyndara.